# VEF-farmskrárskil

Vefsvæði VEF-farmskrárskila

Yfirlit

Tollstjóri
Júní 2017
Útgáfa 4

# EFNISYFIRLIT

I. Notkun og tilgangur þessara leiðbeininga ... 3
II. Innskráning ... 3
A. Innskráningarmynd ... 3
B. Aðgangsstjórnun – rafræn skilríki ... 3
C. Upphafssíða – aðgangur að innflutningi og útflutningi ... 3
III. Innflutningur –yfirlit yfir skjámyndir ... 4
IV. Innflutningur – einstakar skjámyndir ... 5
A. Innflutningur – komur - yfirlit ... 5
B. Innflutningur – skrá komu ... 5
C. Innflutningur – koma – skrá hleðslustaði ... 6
D. Innflutningur – skoða komu ... 6
E. Innflutningur – farmskrár - yfirlit ... 6
F. Innflutningur – skrá farmskrá ... 7
G. Innflutningur – svör - yfirlit ... 8
V. Útflutningur –yfirlit yfir skjámyndir ... 8
VI. Útflutningur – einstakar skjámyndir ... 9
A. Útflutningur – brottfarir - yfirlit ... 9
B. Útflutningur – skrá brottför ... 9
C. Útflutningur – brottför – skrá hleðslustaði ... 10
D. Útflutningur – skoða brottför ... 10
E. Útflutningur – farmskrár - yfirlit ... 10
F. Útflutningur – skrá farmskrá ... 11
G. Útflutningur – svör - yfirlit ... 12

# I. NOTKUN OG TILGANGUR ÞESSARA LEIÐBEININGA

Í þessum leiðbeiningum er gerð grein fyrir grunnatriðum, sem snerta vefsvæði VEF-farmskrárskila. Fjallað er um eftirfarandi atriði:

- Innskráningu á vefsvæðið.
- Skjámyndir vegna upplýsinga um komur, brottfarir, farmskrár og svör við tollafgreiðslu.

Þessar leiðbeiningar eru hugsaðar sem yfirlit yfir vefsvæði VEF-farmskrárskila en ekki sem tæmandi leiðbeiningar um vefsvæðið. Þeim er ætlað að hjálpa væntanlegum notendum að stíga fyrstu skrefin og fá heildarmynd af vefsæðinu.

Eftir að heildarmyndin er fengin og notandinn er byrjaður að vinna á vefsvæðinu, getur hann smellt á hjálpartáknið , sem er uppi í hægra horninu á öllum skjámyndum, og náð þannig í nákvæmar leiðbeiningar um einstakar skjámyndir. Þær leiðbeiningar eru ekki endurteknar hér í skjalinu.

Í sýnishornum af skjámyndum, sem eru hér í leiðbeiningunum, hafa engar upplýsingar verið skráðar um komur, brottfarir og farmskrár. Sýnishornin eru því nákvæmlega eins og skjámyndirnar líta út áður en farmflytjandi byrjar að skrá inn og vista upplýsingar á vefsvæðinu.

# II. INNSKRÁNING

## A. INNSKRÁNINGARMYND

Til að tengjast VEF-farmskrárskilum, má fara á www.tollur.is og smella á lásinn í táknunum uppi til hægri (þetta má sjá í næstu skjámynd, mynd 1 – smella á lás. Síðan á að velja VEF-farmskrárskil úr listanum, sem þá birtist.

**Mynd 1 – smella á lás**



## B. AÐGANGSSTJÓRNUN – RAFRÆN SKILRÍKI

Aðgangi að vefsvæði VEF-farmskrárskila er stjórnað með rafrænum skilríkjum. Notandi í VEF-farmskrárskilum þarf að vera með viðurkennd rafræn skilríki til að fá aðgang að vefsvæði VEF-farmskrárskila.

Hægt er að smella hér til að fá nánari upplýsingar um viðurkennd rafræn skilríki.

## C. UPPHAFSSÍÐA – AÐGANGUR AÐ INNFLUTNINGI OG ÚTFLUTNINGI.

Að lokinni innskráningu og auðkenningu birtist eftirfarandi skjámynd (mynd 2 – upphafssíða).

Í skjámyndinni þarf að velja á milli innflutnings og útflutnings og smella svo á hnappinn *Áfram.* Þetta er útskýrt í næstu mynd.

Myndin birtist bara í þeim tilfellum, sem farmflytjandi er bæði með heimild til að senda tollstjóra farmskrárupplýsingar vegna innflutnings og vegna útflutnings.
Að öðrum kosti birtist strax skjámyndin, sem sýnir yfirlit yfir komur eða brottfarir (sjá aftar í skjalinu).

**Mynd 2 - upphafssíða**




## III. INNFLUTNINGUR -YFIRLIT YFIR SKJÁMYNDIR

Á vefsvæðinu eru eftirfarandi skjámyndir, sem tengjast innflutningi:

| **Heiti skjámyndar** | **Tilgangur** |
|---|---|
| Komur – yfirlit | Yfirlit yfir allar komur, sem vistaðar hafa verið á vefsvæðinu. |
| Koma – skrá komu | Skrá og senda tollstjóra upplýsingar um komu. |
| Koma – skrá hleðslustaði | Skrá upplýsingar um hleðslustaði, sem tengjast tiltekinni komu. |
| Farmskrár – yfirlit | Yfirlit yfir allar farmskrár, sem vistaðar hafa verið á vefsvæðinu. |
| Farmskrá – skrá farmskrá | Skrá og senda tollstjóra upplýsingar um farmskrá í innflutningi. |
| Svör – yfirlit | Yfirlit yfir svör vegna tollafgreiðslu – afhendingarheimildir. |

# IV. INNFLUTNINGUR – EINSTAKAR SKJÁMYNDIR

## A. INNFLUTNINGUR – KOMUR - YFIRLIT

Í næstu skjámynd (mynd 3) birtist yfirlit yfir allar komur, sem búið er að skrá á vefsvæði VEF-farmskrárskila.

**Mynd 3: Komur - yfirlit**




## B. INNFLUTNINGUR – SKRÁ KOMU

Í næstu skjámynd (mynd 4) eru skráðar upplýsingar um komu.

**Mynd 4: Koma - skrá komu**



## C. INNFLUTNINGUR – KOMA – SKRÁ HLEÐSLUSTAÐI

Þegar búið er að skrá upplýsingar um komu, er smellt á hnappinn *Hleðslustaðir*. Þá birtist ný skjámynd, þar sem skráðar eru upplýsingar um hleðslustaði. Skjámyndin, þar sem þetta er gert, er ekki sýnd í þessum leiðbeiningum.

## D. INNFLUTNINGUR – SKOÐA KOMU

Þegar búið er að senda upplýsingar um komu til tollstjóra, er hægt að skoða og prenta út upplýsingar um komuna. Skjámyndin, þar sem þetta er gert, er ekki sýnd í þessum leiðbeiningum.

## E. INNFLUTNINGUR – FARMSKRÁR - YFIRLIT

Í næstu skjámynd (mynd 5) birtist yfirlit yfir allar farmskrár í innflutningi, sem búið er að skrá á vefsvæði VEF-farmskrárskila.

**Mynd 5: Farmskrár – yfirlit**



## F. INNFLUTNINGUR – SKRÁ FARMSKRÁ

Í næstu skjámynd (mynd 6) eru skráðar upplýsingar um farmskrá í innflutningi.

**Mynd 6: Farmskrá – skrá farmskrá**



## G. INNFLUTNINGUR – SVÖR - YFIRLIT

Í næstu skjámynd (mynd 7) birtist yfirlit yfir svör vegna tollafgreiðslu á aðflutningsskýrslum, sem tilheyra farmskrám sem skráðar eru á vefsvæðinu.

**Mynd 7: Svör – yfirlit**




## V. ÚTFLUTNINGUR -YFIRLIT YFIR SKJÁMYNDIR

Á vefsvæðinu eru eftirfarandi skjámyndir, sem tengjast útflutningi:

| **Heiti skjámyndar** | **Tilgangur** |
|---|---|
| Brottfarir – yfirlit | Yfirlit yfir allar brottfarir, sem vistaðar hafa verið á vefsvæðinu. |
| Brottför – skrá brottför | Skrá og senda tollstjóra upplýsingar um brottför. |
| Brottför – skrá hleðslustaði | Skrá upplýsingar um hleðslustaði, sem tengjast tiltekinni brottför. |
| Farmskrár – yfirlit | Yfirlit yfir allar farmskrár, sem vistaðar hafa verið á vefsvæðinu. |
| Farmskrá – skrá farmskrá | Skrá og senda tollstjóra upplýsingar um farmskrá í útflutningi. |
| Svör – yfirlit | Yfirlit yfir svör vegna tollafgreiðslu – útflutningsheimildir. |

# VI. ÚTFLUTNINGUR – EINSTAKAR SKJÁMYNDIR

## A. ÚTFLUTNINGUR – BROTTFARIR - YFIRLIT

Í næstu skjámynd (mynd 8) birtist yfirlit yfir allar brottfarir, sem búið er að skrá á vefsvæðinu.

**Mynd 8: Brottfarir – yfirlit**




## B. ÚTFLUTNINGUR – SKRÁ BROTTFÖR

Í næstu skjámynd (mynd 9) eru skráðar upplýsingar um brottför.

**Mynd 9:Brottför – skrá brottför**



## C. ÚTFLUTNINGUR – BROTTFÖR – SKRÁ HLEÐSLUSTAÐI

Þegar búið er að skrá upplýsingar um brottför, er smellt á hnappinn *Hleðslustaðir*. Þá birtist ný skjámynd, þar sem skráðar eru upplýsingar um hleðslustaði. Skjámyndin, þar sem þetta er gert, er ekki sýnd í þessum leiðbeiningum.

## D. ÚTFLUTNINGUR – SKOÐA BROTTFÖR

Þegar búið er að senda upplýsingar um brottför til tollstjóra, er hægt að skoða og prenta út upplýsingar um brottförina. Skjámyndin, þar sem þetta er gert, er ekki sýnd í þessum leiðbeiningum..

## E. ÚTFLUTNINGUR – FARMSKRÁR - YFIRLIT

Í næstu skjámynd (mynd 10) birtist yfirlit yfir allar farmskrár í útflutningi, sem búið er að skrá á vefsvæðinu.

**Mynd 10: Farmskrár – yfirlit**



## F. ÚTFLUTNINGUR – SKRÁ FARMSKRÁ

Í næstu skjámynd (mynd 11 – skrá farmskrár í útflutningi) eru skráðar upplýsingar um farmskrá í útflutningi.

**Mynd 11: Farmskrá – skrá farmskrá**



## G. ÚTFLUTNINGUR – SVÖR - YFIRLIT

Í næstu skjámynd (mynd 12 – yfirlit yfir svör vegna tollafgreiðslu í útflutningi) birtist yfirlit yfir svör vegna tollafgreiðslu á útflutningsskýrslum, sem tilheyra farmskrám sem skráðar eru á vefsvæðinu.

**Mynd 12: Svör – yfirlit**

